


Fréttatilkynning frá Hagsmunasamtökum heimilanna vegna tilmæla Samtaka fjármálafyrirtækja



Í gær miðvikudaginn 7. júlí sendu Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) út tilmæli til aðildarfélaga sinna um að boðið verði upp á eftirfarandi tilhögun greiðslu á gengistryggðum íbúðalánum:

- Greiðslur íbúðalána í erlendri mynt lækkaðar og festar tímabundið
- Frá 1. ágúst greiða lántakendur sem þess óska 5.000 kr. af hverri milljón upphaflegs höfuðstóls
- Betri réttur lántakenda tryggður

Samkeppniseftirlitið hafði fyrr um daginn veitt SFF undanþágu frá 10. og 12. gr. samkeppnislaga til að gefa út þessi tilmæli, enda væru þau ekki skuldbindandi.

Hagsmunasamtök heimilanna (HH) vilja fagna þessari ákvörðun SFF og telja hana vera heillaskref í átt að sátt í þjóðfélaginu eftir að Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlit stigu fram í síðustu viku með vanhugsuðum hætti. Nú þegar hafa stóru bankarnir þrír, þ.e. Arion banki, Íslandsbanki og Landsbanki, og sparisjóðirnir ákveðið að verða við þessum tilmælum SFF. Ánægjulegt er hve skjótt fjármálafyrirtækin brugðust við. Ekkert hefur heyrst frá slitastjórnnum eða skilaneftendum SPRON og Frjálsa fjárfestingarbankans. Þessir aðilar buðu strax 18. júlí upp á sambærilegt úrræði, þó sá böggull fylgi skammrifi að það krefst skilmálabreytinga með tilheyrandi kostnaði. HH skora á öll fjármálafyrirtæki að ganga að tilmælum SFF og hafa þetta úrræði lántökum að kostnaðarlausu og með minnstri fyrirhöfn.

Eitthvað virðist misjafnt hvernig stóru bankarnir þrír ætla að útfæra sína tilhögun. Vara HH við því að farið verði út í miklar flækjur á þessu stigi mála. Hæstiréttur á örugglega eftir að fá til meðferðar mál, þar sem tekið verður á því hvort núverandi samningsvextir eða einhver önnur kjör eiga að vera á þeim lánasamningum sem báru hina ólöglegu gengistryggingu. Þó að núna sé fyrir dómi mál er varðar bílalán, þá er ekki alltaf saman að jafna vaxtakjörum bílaláns til nokkurra ára og vaxtakjörum íbúðaláns til 20 - 30 ára. Á hvaða veg sem slíkur dómur fellur, má búast við að fjármálafyrirtæki eða lántakar vilji láta reyna á vaxtakjör íbúðalána. Af þeim sökum telja HH það ekki tímabært að fara út í umfangsmiklar breytingar á lánasamningum fyrir 1. september, eins og Landsbankinn boðar, til þess eins að breyta lánasamningunum aftur komist Hæstiréttur að annarri niðurstöðu en felst í tilmælum Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlits. Það er hið besta mál, að fjármálafyrirtækin átti sig á því hvað tilmæli Seðlabanka og FME fela í sér og miðli þeim upplýsingum til lántaka, en að eyða tíma lántaka í skjalagerð, að sendast milli fjármálafyrirtækja til að fá undirskriftir síðari veðhafa, þinglýsingu og annað sem breytingu á samningum fylgir, er að mati HH algjör óþarfi. Það hlýtur að vera hægt að nota einfaldari aðferðir, þar til fordæmisgefandi dómur falla í Hæstarétti.

Hagsmunasamtök heimilanna telja dóma Hæstaréttar nr. 92/2010 og 153/2010 vera skýra. Leigusamningar eru lánasamningar, samningar þar sem gjaldeyrir skipti ekki um hendur eru í íslenskum krónum, gengistrygging er ólöglegt verðtrygging og skuli því falla niður og að það sem ekki var breytt með dómunum standi óbreytt. Með tilmælum SFF, sem HH eiga vissan þátt í ásamt talsmanni neytenda, er mótuð sú stefna að víkja til hliðar tímabundið

ágreiningi um hvaða vaxtakjör skuli gilda varðandi þau lán sem dómarnir eru fordæmisgefandi fyrir. Er mjög ánægjulegt að sú niðurstaða fékkst. Hvetja HH alla málsaðila til að nýta tímann næstu vikur og mánuði til uppbyggilegra hluta. Vilja HH bjóða Samtökum fjármálafyrirtækja til funda um fleiri þætti sem hægt væri að leysa með viðræðum aðila sína á milli. Má þar nefna hinn sívaxandi vanda lántaka með verðtryggð lán, en ágreiningurinn um forsendubrest þeirra lána hverfur ekki þó hann fáist ekki ræddur. Vonast HH til að fleiri hagsmunaaðilar telji hag sínum borgið að taka þátt í slíkum viðræðum til þess að mest samstaða náist um úrlausn þeirra mála sem eru fyrirbyggjandi og hafa verið óleyst í allt of langan tíma.

Hagsmunasamtök heimilanna
www.heimilin.is